



# Framkvæmda- fréttir 11. tbl. /08



Sæfari við bryggju í Grímsey.

## Fyrsta ferð Grímseyjarferjunnar Sæfara

Nýi Sæfari fór sína fyrstu ferð til Grímseyjar frá Dalvík föstudaginn 11. apríl. Ferðin gekk framur vonum þrátt fyrir skítabrælu, norðaustan og 3,8 m ölduhæð. Sæfari hinn nýi var þrjá tíma og fjórðung betur á leiðinni en skipstjórinn Sigurjón Herbertsson taldi að gamli Sæfari hefði verið fjóra til fjóra og hálfan tíma í ferðinni. Með í för voru fjölmargir gestir, m.a. þingmenn kjördæmisins og Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri. Skipið lét mjög vel í ferðinni og tóku Grímseyingar vel á móti því á bryggjunni með fánum, lúðrablæstri og tilbúnu hlaðborði. Grímseyingar vænta þess að hin nýja ferja geri þeim kleift að styrkja ferðamannaþjónustuna í Grímsey. Kristján Möller samgönguráðherra ávarpaði gesti og heima-fólk um borð í skipinu.

Hið nýja skip er 39,6 m langt og 10,0 m breitt, það getur flutt 108 farþega og 160 tonn af farni. Sæfari er búinn tveimur 1.400 hestafla vélum (2.800 hestöfl alls) og gengur nýja ferjan

hraðar en gamli Sæfari. Í annarri ferð skipsins var veður skár-ra og tók þá siglingin tvær klukkustundir og fjörutíu mínútur. Siglingatími styttest um tæpa klukkustund við góðar aðstæður en meira ef sjólag er verra.

Aðstaða til farþegaflutninga batnar til muna með nýju skipi og er ferjan búinn tveimur farþegasölum, öðrum með „flugvélsætum“ en hinn salurinn er þannig að sest er niður við borð. Sjónvarp er hægt að sjá í báðum sölum.

Sæfari var upphaflega smíðaður árið 1992 en keyptur hing-að til lands í desember árið 2005 og fóru fram verulegar endurbætur á skipinu. Byggt var ný lest, efri lest, þannig að farmlestar eru nú tvær. Settur var upp öflugur lúgubúnaður til að opna neðri lestina, sem og tvennar dyr aftur á dekkið úr efri lestinni, á hlið skipsins og aftur úr skipinu. Byrðingur skipsins hefur verið styrktur og lekastöðugleiki tryggður eftir reglum Evrópusambandsins, Siglingastofnunar og flokkunar-

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

11. tbl. 16. árg. nr. 496 21. apríl 2008

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

félags skipsins. Perustefni var sett á skipið. Þá hefur aðstaða áhafnar verið bætt verulega, sett hefur verið upp aðstaða fyrir skipstjóra aftan við brú, eldhús við neðri farþegasal og matsalur fyrir áhöfnina. Aðgengi hreyfihamlaðara hefur verið bætt sem og salernisaðstaða. Viðgerðir og endurbætur fóru að mestu fram hjá Vélsmiðju Orms og Víglundar í Hafnarfirði en einnig hjá Slippnum Akureyri.

Kostnaður við kaup, viðgerðir og endurbætur nemur rúmum 530 milljónum króna og skiptist eins og sýnt er í meðfylgjandi töflu.

Sæfari siglir þrisvar í vikur til Grímseyjar og tvisvar í viku til Hríseyjar.

### Kostnaður vegna Sæfara

Kaupverð . . . . .	103,6	m.kr.
Undirbúningur, hönnun, eftirlit og önnur sérfræðiþjónusta . . . . .	60,8	m.kr.
Verkkaup . . . . .	283,6	m.kr.
Varahlutir þ.m.t. lúgubúnaður . . . . .	71,8	m.kr.
Öryggisbúnaður, rekstur, ýmislegt . . . . .	12,4	m.kr.
Samtals . . . . .	532,2	m.kr.



Skólabörn í Grímsey sungu frumsamið ljóð fyrir gesti og heimafólk um borð í nýjum Sæfara.



Tveir Sæfarar við bryggju á Dalvík.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 14. apríl. 2008. Búið er að sprengja 3.640 m í Siglufirði og 2.822 m í Ólafsfirði.

## Auglýsingar útboða

### Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, norðurhluti – klæðing 08-039

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á norðurhluta Norðaustursvæðis.

Helstu magntölur:

Yfirlagnir	450.000 m <sup>2</sup>
Flutningur steinefna	6.800 m <sup>3</sup>
Bindiefni og flutningur	780 tonn

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 21. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. maí 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið, Fremri-Háls – Sævarland 08-069

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í nýbyggingu Norðausturvegar (85), Hófaskarðsleið á um 8,3 km kafla, frá núverandi Norðausturvegi á Fremri-Hálsi að núverandi slitlagsenda við Sævarland.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	10.000 m <sup>3</sup>
Fylling og fláafleygar	203.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	32.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	14.000 m <sup>3</sup>
Stálröraræsi	250 m
Stálpöturæsi á steypar undirstöður	63 m
Tvöföld klæðing	63.000 m <sup>2</sup>
Girðingar	7,3 km
Mótafletir	200 m <sup>2</sup>
Steypustyrktarjárn	3 tonn
Steypa	53 m <sup>3</sup>

Útlögn klæðingar á 4,2 km kafla skal að fullu lokið 15. ágúst 2008. Gerð neðra burðarlags á það sem eftir er útboðskaflans skal lokið 15. október 2008. Verki skal að fullu lokið fyrir 15. júlí 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 21. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. maí 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Niðurstöður útboða

### Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg 08-053

Tilboð opnuð 15. apríl 2008. Gerð mislægra gatnamóta á Reykjanesbraut (41) við Vífilsstaðaveg.

Gera skal brú á mislægum gatnamótum, á mótum Reykjanesbrautar og Vífilsstaðavegar. Breyta skal legu núverandi Vífilsstaðavegar og gera tvö hringtorg, sitt hvoru megin við Reykjanesbraut og tengja hringtorgin við Reykjanesbraut með gerð fjögurra að/fráreina. Auk þess skal gera stálbogagöng undir Vífilsstaðaveg vestan gatnamótanna. Einnig skal leggja gangstíga, steypa stoðveggi og tröppur, leggja nýjar lagnir og breyta eldri lögnum ásamt nauðsynlegri landmótun til að ljúka verkinu.

Helstu magntölur eru:

Skering í laus jarðlög	83.000 m <sup>3</sup>
Bergskering	2.550 m <sup>3</sup>
Fyllingarefni úr námum	54.100 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	15.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	3.300 m <sup>3</sup>
Regnvatnsræsi	1.900 m
Tvöfalt malbik	12.000 m <sup>2</sup>
Kantsteinn	2.500 m
Mótafletir	3.140 m <sup>2</sup>
Steypustyrktarstál	159.000 kg
Steinsteypa	1.460 m <sup>3</sup>
Stálvirki	1.400 kg
Eftirspennt járnalögn	38.000 kg
Stálpípur (Ø900 – Ø400 – Ø250)	532 m

Gatnamótin skulu vera tilbúin til notkunar 1. nóvember 2008. Verkinu öllu skal að fullu lokið 10. júlí 2009.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Ístak hf., Reykjavík	670.685.518	123,4	87.059
3	Háfell ehf., Reykjavík	669.669.669	123,3	86.043
2	Suðurverk hf., Hafnarfirði	632.635.150	116,4	49.009
1	Ris ehf. og Glaumur ehf.	583.626.400	107,4	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	543.300.000	100,0	-40.326

### Héðinsfjarðargöng

Í viku 15 gekk gekk gangagröftur bærilega Ólafsfjarðarmegin og sprengdir voru 54 m. Lengd ganga þeim megin frá er nú 2.822 m. Siglufjarðarmegin var unnið við undirbúning gangagraftar frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar. Einnig var unnið við endanlegar styrkingar í göngum milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar. Samtals er nú búið að sprengja 6.462 m eða um 61,1% af heildarlengd.



Samtals er búið að sprengja 6.462 m sem er 61,1 % af heildarlengd.



Vestur-Landeyjar

Austur-Landeyjar

Hvolsvöllur

Lambey

Rettasandur

Uppgræðslusvæði (mörk ónákvæm)

Nýr vegur

Núverandi varnargarðar

Nýir varnargarðar

Landeyjahöfn

Heimaey

Vestmannaeyjar

0 1 2 3 4 5 km



## Auglýsingar útboða

Þessi auglýsing birtist í síðasta tölublaði en er birt hér að nýju með örlitlum breytingum sem eru merktar hér með rauðu.

### Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð 08-063

Siglingastofnun og Vegagerðin óska eftir tilboðum í gerð tveggja um 700 metra langra hafnargarða Landeyjahafnar, gerð 11,8 km Bakkafjöruvegar (254) frá Hringvegi (1) að Landeyjahöfn, byggingu 20 m langrar brúar á Ála, rekstur 120 m stálþils, gerð vegtengingar frá Bakkafjöruvegi að Bakkaflugvelli og gerð 3,9 km sjóvarnar- og varnargarða í Bakkafjöru.

Helstu magnþölur eru:

-Hafnargerð:

- Grjót og sprengdur kjarni úr námu á Seljalandsheiði . . . . . 600.000 m<sup>3</sup>
- Stálþilsrekstur og stagfestingar . . . . . 125 m
- Uppmokstur úr hafnarkví í -3,0 m . . . . . 55.000 m<sup>3</sup>
- Fyllingarefni í brimvarnargarð . . . . . 30.000 m<sup>3</sup>

-Vegagerð og varnargarðar meðfram Markarfljóti:

- Mölnun . . . . . 36.000 m<sup>3</sup>
- Fyllingarefni úr námum . . . . . 190.000 m<sup>3</sup>
- Fláafleygar . . . . . 100.000 m<sup>3</sup>
- Neðra burðarlag . . . . . 76.000 m<sup>3</sup>
- Efra burðarlag . . . . . 27.000 m<sup>3</sup>
- Klæðing . . . . . 123.000 m<sup>2</sup>
- Ýting á lausu efni í grjótgarda . . . . . 74.000 m<sup>3</sup>
- Grjótvörn á veg og varnargarða við Markarfljót . . . . . 28.000 m<sup>3</sup>
- Brú . . . . . 20 m

Gerð varnargarða við Ála og Markarfljót skal lokið 1. nóvember 2008. Gerð brúar á Ála skal lokið 1. maí 2009. Uppmokstri úr hafnarkví skal lokið 1. júlí 2009. **Fyrir 1. október 2009 skulu brimvarnargarðar komnir í fulla lengd.** Verkinu skal að fullu lokið þann 1. júlí 2010.

Útboðsgögn fást keypt á Siglingastofnun, Vesturvör 2, 200 Kópavogur, í móttöku Vegagerðarinnar Borgartúni 7, 105 Reykjavík og á skrifstofu Vegagerðarinnar á Selfossi, Breiðumýri 2, 800 Selfoss. Verð útboðsgagna er kr. 8.000.

Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Tilboðum skal skila til Siglingastofnunar Vesturvör 2, 200 Kópavogur, fyrir kl. 11:00 fimmtudaginn 5. júní 2008 og verða tilboðin opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

### Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð útboð

Kortagrunnur © Hans H. Hansen  
Þessi kortagrunnur er í Íslands-Atlasí Máls og menningar



## Niðurstöður útboða

### Knarrarbergsvegur (8490), 08-003 Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur

Tilboð opnuð 15. apríl 2008. Endurbýgging á um 0,84 km löngum kafla Knarrarbergsvegar (8490) í Eyjafjarðarsveit, frá vegamótum Veigastaðavegar (828) að vegamótum Leifsstaðavegar (8210).

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	3.200 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	1.700 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	1.280 m <sup>3</sup>
Stálroraræsi	33 m
Tvöföld klæðing	6.250 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. ágúst 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
2	Dalverk ehf. Dalvík	15.792.500	139,6	4.475
1	Icefox ehf., Svalbarðsströnd	11.317.500	100,1	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	11.310.000	100,0	-8
	Icefox ehf. skilaði inn frávíkstilboði			



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.


Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit	08
08-062 Kjósarskarðsvegur (48), Meðalfellsvegur - Þingvallavegur	08
08-060 Arnarnesvegur (411), Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut, hönnun	08
08-059 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhammsvegur, hönnun	08
08-057 Suðurstrandarvegur (427), Krisuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit	08
08-015 Strandavegur (643) í Bjarnarfirði	08
08-033 Hringvegur (1) um Hornafjarðarfliót	08
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Minna Hof	08
08-054 Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut	08
08-052 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	08
08-032 Bræðratunguvegur (359) um Hvítá	08
08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Svínvetningabraut	08
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland	08
08-023 Vestfjarðavegur (60) um Hjarðardalsá	08
08-055 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg	08
08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður	08
08-021 Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit	08
08-042 Breiðkun Hringvegur (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi	08
08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfskáli - Krisuvíkurvegur	08

### Fyrirhuguð útboð, framhald

### Auglýst:

08-051 Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut	08
08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði	08
08-031 Fjallabaksleið nyrðri (F208) og Sprengisandsleið (F26)	08
08-016 Hringvegur (1) um Blönduós	08
08-046 Vetrarþjónusta Norðvestursvæði, Bíldudalur - Brjánslækur 2008-2011	08
08-030 Yfirlagnir Suðursvæði 2008, malbik	08
08-040 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, malbik	08
08-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2008	08
08-045 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, vesturhluti	08
08-044 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, norðurhluti	08
08-029 Efnisvinnsla Suðursvæði 2008	08
08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	08
08-011 Kísilvegur (87) á Hólasandi	08
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka	08
08-009 Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging	08
08-008 Hringvegur (1), breiðkun í Öxnadal	08
08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir	08
08-006 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Unaós	08
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá	08
08-002 Hörgárdalsvegur (815), Skriða - Björg	08
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krisuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur	08



**Knarrarbergsvegur (8490),  
í Eyjafirði  
Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur  
sjá niðurstöður útboðs**

Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
07-039 Álfanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	08
07-040 Álfanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	08
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	08
07-012 Skagavegur (745) um Króksbjarg	08
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
08-069 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið, Fremri-Háls - Sævarland	21.04.08 06.05.08
08-039 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti, klæðing	21.04.08 06.05.08
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	14.04.08 29.04.08
08-019 Vestfjarðavegur (60) um Tunguá	14.04.08 29.04.08
08-064 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg, eftirlit	14.04.08 29.04.08
08-067 Meðallandssvegur (204), sunnan Fossa	14.04.08 29.04.08
08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð	14.04.08 05.06.08
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Pingvallavegur - Laugarvatnsvegur	07.04.08 20.05.08
08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit	07.04.08 20.05.08
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07.04.08 20.05.08
08-065 Þingskálavegur (268), Rangárvallavegur - Heiði	07.04.08 22.04.08
08-048 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, „repave“	07.04.08 22.04.08
08-049 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, malbik	07.04.08 22.04.08
08-050 Grassláttur á Suðvestursvæði 2008-2010	07.04.08 22.04.08

Auglýst útboð, framhald	Auglýst: Opnað:
08-047 Vetrarþjónusta Suðvestursvæði 2008-2013	07.04.08 22.04.08
08-043 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009	17.03.08 22.04.08
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
08-053 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg	10.03.08 15.04.08
08-003 Knarrarbergsvegur (8490), Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur	31.03.08 15.04.08
08-038 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, austurhluti, klæðing	31.03.08 15.04.08
07-086 Strandavegur (643), Geirmundarstaðavegur - Hálsgrata	31.03.08 15.04.08
08-027 Búrfellsvegur (351), Biskupstungnabraut - Klausturhólar	31.03.08 15.04.08
08-028 Vegir undir Eyjafjöllum; Skálavegur (246), Skógar (2288) Mýrdalsjökulsvegur (222)	31.03.08 15.04.08
08-058 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvíkf, endurútboð	17.03.08 08.04.08
08-037 Efnisvinnsla Norðaustur- svæði 2008-2009, norðurhluti	17.03.08 01.04.08
08-004 Dagverðareyrarvegur (816), Hringvegur - Helluland	17.03.08 01.04.08
08-001 Hringvegur (1), brú á Rangá hjá Flúðum	28.01.08 19.02.08
Samningum lokið	Opnað: Samið:
Ekki hefur verið samið um nein verk frá því síðasta tölublað kom út.	

## Niðurstöður útboða

### Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, austurhluti - klæðing 08-038

Tilboð opnuð 15. apríl 2008. Yfirlagnir með klæðingu á austurhluta Norðaustursvæðis.

Helstu magntölur:

Yfirlagnir	470.000 m <sup>2</sup>
Flutningur steinefna	6.500 m <sup>3</sup>
Flutningur bindiefna	822 tonn

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Malarvinnslan hf., Egilsstöðum	116.760.252	107,7	4.277
1 Slitlag ehf., Hellu	112.483.047	103,8	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	108.393.000	100,0	-4.090

### Vegir undir Eyjafjöllum; Skálavegur (246) - Skógar (2288) -

### Mýrdalsjökulsvegur (222) 08-028

Tilboð opnuð 15. apríl 2008. Endurgerð samtals 4,2 km vega á 5 vegum undir Eyjafjöllum; Skálavegur ásamt tveimur heimreiðum, nýr vegur að samgöngusafniinu á Skógum og nýtt ræsi í stað einbreiðrar brúar á Mýrdalsjökulsvegi ásamt vegagerð þar.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	5.590 m <sup>3</sup>
Fyllingar	5.670 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	1.780 m <sup>3</sup>
Ræsi	126 m
Neðra burðarlag	6.490 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	3.435 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	28.015 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	25.025 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
10 Heflun ehf., Hellu	55.260.900	165,5	23.248
9 Sigurgeir L. Ingólfsson, Hvolsvelli	45.244.880	135,5	13.232
8 Bíladrangur ehf., Vík	41.489.055	124,2	9.476
7 Vélgrafan ehf., Selfossi	36.555.700	109,4	4.543
6 Þjótandi ehf., Hellu	36.492.800	109,3	4.480
5 Vörubílstjóræfelaðið Mjólnir, Selfossi	35.770.400	107,1	3.758
4 Eining sf., Hvolsvelli	35.304.475	105,7	3.292
3 Sigurjón Á Hjartarson, Brjánsstöðum	34.180.550	102,3	2.168
--- Áætlaður verktakakostnaður	33.400.000	100,0	1.387
1 Framrás ehf., Vík	32.012.850	95,8	0

### Búrfellsvegur (351), Biskupstungnabraut - Klausturhólar 08-027

Tilboð opnuð 15. apríl 2008. Endurgerð 2,7 km

Búrfellsvegur, frá Biskupstungnabraut að Klausturhólum.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	26.100 m <sup>3</sup>
Fyllingar	23.500 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	8.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	8.400 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	3.100 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	18.500 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	38.000 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 Ísgröfur ehf., Reykjavík	47.607.838	117,8	6.922
4 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	47.500.000	117,6	6.814
3 Vörubílstjóræfelaðið Mjólnir, Selfossi	44.440.000	110,0	3.754
2 Vélgrafan ehf., Selfossi	41.985.600	103,9	1.299
1 Sigurjón Á Hjartarson, Brjánsstöðum	40.686.300	100,7	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	40.400.000	100,0	-286

### Strandavegur (643), Geirmundarstaðavegur - Hálsgrata 07-086

Tilboð opnuð 15. apríl 2008. Endurlögn Strandavegar

(643) í Strandabyggð og Hólmavíkurhreppi. Vegarkafliinn er í botni Steingrímsfjarðar, frá Geirmundarstaðavegi að slitlagsenda rétt innan Hálsgrötu. Vegarkafliinn er 4,0 km að lengd og skal vera 6,5 m breiður með bundnu slitlagi.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	36.000 m <sup>3</sup>
Fyllingar og fláafleygar	26.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	9.000 m <sup>3</sup>
Efnisvinnsla	12.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	6.000 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	25.000 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	63.000 m <sup>2</sup>
Rofvarnir	4.000 m <sup>3</sup>

Verki skal vera að fullu lokið fyrir 1. október 2008. Útlögn klæðingar skal þó að fullu lokið 1. september 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 KNH ehf., Ísafirði	127.774.465	138,1	25.073
1 Skagfirskir verktakar, Sauðárkróki	102.701.800	111,0	0
- Áætlaður verktakakostnaður	92.494.900	100,0	-10.207

KNH ehf. skilaði einnig inn frávikstilboði.